



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. 144, 144. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar, um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar. Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að fullgilda bókunina fyrir árslok 2017. Það hefur enn ekki verið gert en er löngu tímabært. MRSÍ styður þingsályktunartillöguna og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks. MRSÍ bendir jafnframt á að til að ná settum markmiðum við fullgildingu og lögfestingu valfrjálsu bókunarinnar, er nauðsynlegt að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og aðra sérfræðinga varðandi málefni fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri